

Fundargerð 24. fundar stýrihóps Stjórnarráðsins um byggðamál
Fundur haldinn í atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu 12. apríl 2016 kl. 10.00

Dagskrá:

1. Drög að árlegri greinargerð stýrihóps Stjórnarráðsins um byggðamál
2. Vinna við nýja byggðaaáætlun - fundir með stjórnendum ráðuneyta
3. Áhersluverkefni Vestfirðinga 2016
4. Önnur mál

Mættir: Hanna Dóra Másdóttir formaður (ANR), Björn Helgi Barkarson (UAR), Héðinn Unnsteinsson (FOR, vék af fundi kl. 10.45), Karitas H. Gunnarsdóttir (MMR), Karl Björnsson (sambandinu), Stefanía Traustadóttir (IRR), Þór G. Þórarinnsson (VEL, kom á fundinn kl. 11.20) og Hólmfríður Sveinsdóttir (Byggðastofnun), sem jafnframt ritaði fundargerð. Jafnframt sátu fundinn Árni Ragnarsson (Byggðastofnun), Snorri Björn Sigurðsson (Byggðastofnun) og Björg Björnsdóttir (landshlutasamtökunum) með á símafundi frá Egilsstöðum.

Fjarverandi: Elvar Knútur Valsson (ANR), Inga Birna Einarsdóttir (VEL), Sigurður Guðmundsson (FJR), Unnur Orradóttir Ramette (UTN) og Þórarinn V. Sólmundarson (MMR).

Fundargerð 23. fundar hafði verið send fundarmönnum og samþykkt fyrir fundinn.

Umfjöllun og afgreiðsla:

1. Drög að árlegri greinargerð stýrihóps Stjórnarráðsins um byggðamál

Formaður og verkefnisstjóri hafa fóru yfir fyrstu drög að greinargerð stýrihópsins til ráðherra. Drögin rædd og voru fundarmenn almennt ánægðir með þau. Formanni og verkefnisstjóra falið að halda vinnunni áfram.

2. Vinna við nýja byggðaaáætlun - fundir með stjórnendum ráðuneyta

Á sameiginlegum fundi stýrihópsins og verkefnisstjórnar um mótun nýrrar byggðaaáætlun þann 31. mars sl. var kynnt og rædd fyrirhuguð vinna við gerð byggðaaáætlunar. Á fundinum kom meðal annars fram sú tillaga frá stýrihópnum að Byggðastofnun óski eftir fundum með stjórnendum allra ráðuneyta þar sem farið væri yfir mál hvers ráðuneytis sem tengist byggðaþróun. Upplýst var að Byggðastofnun hefur þegar sent bréf til allra ráðuneytisstjóra og óskað eftir fundum. Vonast er til að þeir fari fram dagana 25.-29. apríl.

Dreift var skapalóni sem Byggðastofnun hefur unnið sem nýtast mun fulltrúum stýrihópsins til að fylla út upplýsingar um áætlanir og aðgerðir innan þeirra ráðuneyta sem tengjast byggðaþróun.

3. Áhersluverkefni Vestfirðinga 2016

Fulltrúi landshlutasamtakanna var ekki á fundinum þegar þessi liður var ræddur.

Samkvæmt samningum um sóknaráætlanir landshluta skal stýrihópur Stjórnarráðsins um byggðamál staðfesta áhersluverkefni landshluta. Fundarmenn höfðu fengið sendar tillögur Vestfirðinga fyrir fundinn.

Farið var yfir hvert verkefni fyrir sig. Alls eru lögð til átta áhersluverkefni að upphæð samtals 20 m.kr. Auk tveggja verkefna sem fjármögnuð verða með uppsöfnuðu fjármagni frá menningarráðinu fyrrverandi.

Stýrihópurinn staðfestir verkefnin fyrir sitt leyti, með þeim fyrirvara að skerpt verði á markmiðslýsingum tveggja verkefna.

4. Önnur mál

a) Atvinnugreinaflokkun verkefna uppbyggingarsjóða.

Á samráðsfundi stýrihópsins og landshlutasamtakanna 11. apríl kom fram að landshlutasamtökin hafa átt í nokkrum erfiðleikum með að flokka verkefni uppbyggingarsjóðanna eftir ISAT 2008 atvinnugreinaflokkuninni og telja almennt að sú flokkun nýtist ekki sem skyldi sem greiningartæki. Á samráðsfundinum var lagt til að landshlutasamtökin ynnu sameiginlega tillögu að æskilegri flokkun.

Rætt var um samræmingu skráningar við aðra sjóði sem heyra undir atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytið og því velt upp hvort mögulega þyrfti að vera með tvöfalt skráningarkerfi. Stýrihópurinn sammála um að óska eftir tillögum frá landshlutunum að því hvernig flokka megi verkefni uppbyggingarsjóðanna.

b) Vanhæfisreglur.

Framhald á umræðu frá samráðsfundi stýrihópsins og landshlutasamtakanna 11. apríl um mögulegt vanhæfi fulltrúa í úthlutunarnefndum uppbyggingarsjóða með hliðsjón af stjórnsýslulögum. Fulltrúi Sambands íslenskra sveitarfélaga með skoða þetta með lögfræðingum sambandsins. Umræðum frestað til næsta fundar.

c) Næsti fundur stýrihóps

Næsti fundur stýrihópsins var ákveðinn miðvikudaginn 18. maí kl. 10.00.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 12.00.